

Stýrihópur um nýtt íþróttahús á Höfn

6. fundur 4. apríl 2024 – kl. 8:30

Mætt: Stýrihópur: Björgvin Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir.

Starfsmaður stýrihóps Björn Þór Imsland ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins: Brynju Dögg Ingólfsdóttur, Gunnari Ingi Valgeirssyni, Sigurjóni Andrésyni og Þórgunni Torfadóttur.

Fundargerð rituðu Þórgunnur og Sigurjón.

Gestur: Gunnar Borgarson frá Ask arkitektum.

Eftir síðast fund var ákveðið að Björn Imsland myndi tala við arkitekta og kanna hvort það væri raunhæfur möguleiki að koma nýju íþróttahúsi suðvestur af eldra íþróttahúsi.

Fulltrúi Ask arkitekta kynnti á fundinum grófa stærðar teikningu af húsi staðsettu þar en einnig aðra teikningu sem sýnir húsið staðsett “á malarvellinum” suðaustur af Heppuskóla.

Hugmyndirnar gerðu ráð fyrir rúmlega 1700 fermetra húsi og var umræða á fundunum um það væri mögulega fullstórt hús og hægt væri að minnka það um 400 m² væri húsið reist í tengslum við eldra íþróttahús og það notað fyrir fimleika:

- Ef húsið er reist á svæðinu suðvestan núverandi íþróttahúss þarf að færa núverandi fólboltavöll og tartan braut um 15 metra í suðaustur nær Bárinni.
- Ef húsið er reist á “malarvellinum” suðaustur af Heppuskóla kemst húsið fyrir og ekki er þörf á að færa Víkurbrautina.

Halda skal til haga að hvort sem nýtt íþróttahús er reist tengt gamla íþróttahúsinu eða stakstætt á malarvellinum þarf alltaf að fara í það í framtíðinni að laga sig sem orðið hefur á tartan brautinni og vellinum norðanmegin.

Næstu skref: Fulltrúar í stýrihóp munu funda um tillögurnar ásamt því að fara yfir stöðuna með bæjarráði á fundi nr. 1124 þriðjudaginn 9. apríl.

Á fundinum kom einnig fram vilji um að kalla fljótlega að borðinu enn stærri hóp hagsmunaaðila til að ræða hugmyndir og þarfir samfélagsins tengt uppbyggingunni.

Fundi slitið 9:10